

## AUGLÝSING

### um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 27. febrúar 1995 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

Í 7. gr., sbr. 3. gr. reglugerðar um breytingar á reglugerð þessari nr. 114/1993, falli brott 7. og 11. tölul. Töluliðir 8 til og með 10 breytist í samræmi við það í töluliði 7 til og með 9.

2. gr.

Á eftir 8. tölul. 15. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 64/1987 og 1. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 5/1990, komi nýr töluliður, 9. tölul., er hljóði svo:

9. Vátryggingastarfsemi.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi 1. mars 1995.

*Forsætisráðuneytið, 27. febrúar 1995.*

**Davíð Oddsson.**

Ólafur Davíðsson.